Nr. 1/2014
14. janúar 2014

Innlendur gjaldeyrismarkaður og gjaldeyrisforði 2013

Seðlabankinn mun framvegis, í upphafi hvers árs, gera grein fyrir þróun á gjaldeyrismarkaði og breytingum á gjaldeyrisforða á nýliðnu ári. Eftir tímabil verulegrar gengislækkunar síðustu mánuði ársins 2012 ákvað Seðlabankinn snemma árs 2013 að gera hlé á reglulegum gjaldeyriskaupum og styrktist krónan talsvert í kjölfarið. Hinn 15. maí 2013 mótaði peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands síðan stefnu um virkari inngrip bankans á gjaldeyrismarkaði, sem dró úr daglegu flökti og sveiflum í gengi íslensku krónunnar það sem eftir var ársins. Gengi krónunnar styrktist um nær 11% á árinu miðað við vísitölu meðalgengis. Á árinu námu hrein gjaldeyriskaup bankans 9 milljónum evra eða jafnvirði rúmlega einum milljarði króna.[1] Framvirkir gjaldeyrissamningar, sem gerðir voru í árslok 2010 í því skyni að draga úr gjaldeyrismisvægi í bankakerfinu, voru gerðir upp að hluta og styrkti það erlenda gjaldeyrisstöðu Seðlabankans um rúma 29 ma.kr. Þá voru gerðir gjaldeyrissamningar á árinu sem fólu í sér gjaldeyrisútflæði að fjárhæð 6 ma.kr.

Gjaldeyrismarkaður

Gengi krónunnar sveiflaðist nokkuð á fyrri hluta ársins. Gengið varð lægst í janúar en hæst í maí og munar 12,2% á lægsta og hæsta gengi. Á tímabilinu frá 2. janúar til 15. maí, dagsins sem Seðlabankinn boðaði aukin inngrip á gjaldeyrismarkaði, hækkaði gengi krónunnar um 7% en gengið hafði þá lækkað töluvert á ný frá því krónan var sterkust. Styrking yfir sumarmánuði var minni en oft áður og síðustu mánuði ársins hækkaði gengi krónu töluvert, ólíkt árstíðarbreytingum síðustu ára.

Snemma sl. ár tilkynnti Seðlabankinn, sem fyrr segir, að tímabundið hlé yrði gert á reglulegum gjaldeyriskaupum á millibankamarkaði með gjaldeyri, m.a. sakir þungrar greiðslubyrði af erlendum lánum. Á fyrsta ársfjórðungi seldi bankinn 36 m. evra (6,1 ma.kr.) á gjaldeyrismarkaði auk þess að selja jafnvirði 6 ma.kr. í framvirkum viðskiptum.

[1] Miðað við gengi í hverjum viðskiptum.

Í yfirlýsingu peningastefnunefndar frá 15. maí 2013 kom fram að bankinn hygðist grípa til aðgerða í því skyni að draga úr skammtíma-sveiflum á gengi krónunnar.[2] Í júlí hóf Seðlabankinn að kaupa gjaldeyri á markaði. Frá 15. maí til ársloka keypti bankinn 63 milljónir evra (10 ma.kr.) og seldi 18 milljónir evra (2,9 ma.kr.). Á árinu öllu námu hrein gjaldeyriskaup bankans á millibankamarkaði 9 milljónum evra, eða rúmlega einum milljarði króna. Að meðtöldum greiðslum vegna framvirkra samninga aflaði bankinn gjaldeyris sem nam 143,4 milljónum evra eða um 22,7 ma.kr. umfram það sem hann seldi og fór sú fjárhæð til styrktar gjaldeyrisforða bankans. Veltan á gjaldeyrismarkaði var nánast óbreytt frá árinu á undan eða 166 ma.kr. og var hlutdeild Seðlabankans 11,5% sem var heldur lægri en árið áður.

Mjög dró úr sveiflum í gengi krónunnar í kjölfar tilkynningar peninga-stefnunefndar í maí 2013. Flökt gengisvísitölunnar (mælt sem staðal-frávik daglegra breytinga) var tæplega 0,4% á árinu 2013. Áður en virkari inngrip Seðlabankans hófust var það 0,6% en lækkaði verulega í kjölfarið. Frá 15. maí var flöktið tæplega 0,3% og hefur að undanförnu verið með minnsta móti. Yfirlýsing peningastefnunefndar og aðgerðir bankans á gjaldeyrismarkaði í kjölfarið virðast því, ásamt öðrum þáttum, hafa stuðlað að minni sveiflum í gengi á árinu.

Gjaldeyrisforði

Gjaldeyrisforði Seðlabankans jókst um 45 milljónir Bandaríkjadala á árinu 2013 og var 4,228 milljónir Bandaríkjadala í árslok. Gjaldeyris-viðskipti og uppgjör framvirkra viðskipta juku gjaldeyrisforðann um jafnviði 22,7 ma.kr. á sama tímabili. Í lok árs nam gjaldeyrisforðinn í heild 29% af vergri landsframleiðslu. Það svarar til 11 mánaða innflutnings sem er lítils háttar lækkun frá fyrra ári. Bókfært virði erlendra eigna í gjaldeyrisforða lækkaði um 52 ma.kr. á árinu. Það skýrist að mestu leyti af styrkingu krónunnar en einnig af virðis-breytingum á gulli og verðbréfum í forða.

Í lok árs 2013 keypti Seðlabanki Íslands kröfu, í erlendum gjaldmiðli, á innlenda fjármálastofnun af ESÍ (Eignasafni Seðlabanka Íslands) að andvirði um 52 ma.kr. Samhliða gerði ESÍ upp lán í erlendum gjaldmiðli við Seðlabanka Íslands. Umrædd krafa kemur ekki til aukningar á gjaldeyrisforða fyrr en hún er gerð upp þar sem kröfur á innlenda aðila teljast ekki til gjaldeyrisforða.

---

[2] Sjá frétt Seðlabanka Íslands nr. 16/2013: Yfirlýsing peningastefnunefndar 15. maí 2013: http://www.sedlabanki.is/utgefid-efni/frettir-og-tilkynningar/frettasafn/frett/2013/05/15/Yfirlysing-peningastefnunefndar-15.-mai-2013-/

Eftirfarandi er tafla til skýringar á framangreindum atriðum:

Innlendur gjaldeyrismarkaður og gjaldeyrisforði

		2009	*2010*	*2011*	*2012*	*2013*
Gengi krónunnar (-veiking /+styrking)	%	-7,0	11,9	-4,3	-6,6	10,8
Gengisflökt	%	0,8	0,3	0,2	0,3	0,4
Velta á gjaldeyrismarkaði	m.kr.	62.427	45.212	89.864	167.115	165.873
- þar af velta SÍ		23,9%	66,3%	14,0%	13,8%	11,6%
Kaup SÍ á gjaldeyrismarkaði	m.kr.	0	29.980	12.612	20.109	10.088
Sala SÍ á gjaldeyrismarkaði	m.kr.	14.937	0	0	3.012	9.068
Hrein gjaldeyriskaup SÍ	m.kr.	-14.937	29.980	12.612	17.097	1.020
Hrein framvirk gjaldeyriskaup SÍ	m.kr.	-	47.900	-	-	-6.000
Hreint uppgjör framvirkra gjaldeyriskaupa	m.kr.		0	-	-	21.300
Gjaldeyrisforði í Bandaríkjadölum*	m. USD	3.883	5.798	8.535	4.182	4.228
Gjaldeyrisforði í krónum	ma.kr.	484,9	667,0	1.047,3	539,8	496,6
Gjaldeyrisforði sem hlutfall af VLF	% af VLF	32,4	43,4	64,3	33,0	29,0
Gjaldeyrisforði, mánuðir í innflutningi	mánuðir	14	17	26	13	11

* Minnkun á gjaldeyrisforða árið 2012 má rekja til minni gjaldeyrisinnstæðna fjármálastofnana í slitameðferð. Aðrar breytingar fólu í sér lántöku ríkissjóðs á markaði og fyrirfram endurgreiðslu á lánum ríkissjóðs og Seðlabanka Íslands frá Norðurlöndunum og AGS.

Nánari upplýsingar veita Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri og Sturla Pálsson, framkvæmdastjóri markaðsviðskipta og fjárstýringar, í síma 569 9600.